

**Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Skrifstofa stafrænna samskipta, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, f.h. vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra**
Dagsetning: **28.01.2022**
Málsnúmer: **SRN21110053**
Bréfalykill: **6.1**
Tilgangur: Til ákvörðunar Til upplýsingar
 Til undirritunar Skv. beiðni ráðherra

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, Fjarskiptastofu o.fl. (uppfært kostnaðarmat)

Með vísan í frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), þskj. 171 - 169. mál á 152. löggjafarþingi. Í minnisblaði þessu greinir endurskoðað mat á áhrifum.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að kostnaður Fjarskiptastofu vegna eftirlits hækki varanlega um 20 millj. kr. á ársgrundvelli eða sem nemur einu ársverki sérfræðings. Sá áætlaði kostnaður komi til frádráttar við endanlegt mat á áhrifum vegna fyrirhugaðs frumvarps til nýrra heildarlaga um fjarskipti (endurflutt mál).

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að ófjármagnaður kostnaður vegna aukins umfangs hjá Fjarskiptastofu verði tekinn til skoðunar við endurskoðun fjármálaáætlunar samhliða öðrum ófjármögnuðum kostnaði stofnunarinnar vegna fyrirhugaðra nýrra heildarlaga um fjarskipti.

Ekki er áætlaður eða fyrirséður kostnaður af samþykkt 5. gr. frumvarpsins, að mati atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Áhersla ríkisstjórnarinnar á framgang frumvarpsins á grundvelli almannahagsmuna og þjóðaröryggis, er til vitnisburðar um mikilvægi þess og ávinning fyrir allt samfélagið.